


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Vefnaður 403 (VEF403)	Kennsluáætlun (Vor2010)

Nafn kennara: Viðtalstímar kennara:	Sveina Björk Jóhannesdóttir Fimmtudagur: kl 9.35-10.15 Ragnheiður Þórsdóttir Sjá viðtalstíma kennslustjóra	Sk.stöfun: Netfang	SBJ/RÞÓ sveina@vma.is ragga@vma.is
--	---	-------------------------------------	--

Áfangalýsing:

Í VEF 403 vefur nemendur nytjahlutlut/i eða sjálfstætt verk á vegg og setja upp í vefstól. Samhliða þessum áfanga er gert ráð fyrir að nemendur séu í BFR 101 (bindifræði) og byrji að tileinka sér útreikninga og vinna eftir bindifræðimunstrum fyrir vefnað. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með og þekki þráðarbækán á flögur - sex sköft, bundið rósaband, daladregil, hálfedregil, salún og íslenskt glit. Nemendur byrja að tileinka sér gildi mismunandi uppistaða og ívafr í mismunandi vefnaðaraðferðum. Nemendur temji sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Áfangamarkmið:

Að nemendur reikni út sína eigin uppistöðu áður en rakið er í slöngu og sjái um uppsetningu að öllu leiti sjálfir. Kennari er til ráðgjafar en nemendur þurfa að sýna frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum og mikilvægt er að þeir temji sér öguð og góð vinnubrögð.

Að nemendur vinni með frekar fínan þráð og reynt er að stuðla að því að nemendur vinni eftir eigin hugmyndum á frjálsum og skapandi hátt.


Að nemendur geri sér grein fyrir mismunandi eiginleikum vefjaefna og fjölbreyttu notagildi þeirra.

Að nemendur noti WeavePoint – forritið fyrir vefnað til að hanna munstur og bindingu fyrir voðir sínar. Mikilvægt er að nemendur geri tilraunir með að hanna eigin uppskriftir í forritinu og læri að nýta sér möguleika þess.

Hugmyndir um verkefni:

Unnið með vefnað sem krefst 6 - 10 skafta vefstóls með gagnbindingu. Jafnþráðavefnaður s.s. salún, daladregill, vöfluvefnaður eða aðrar vefnaðartegundir sem krefjast ákveðinnar tæknikunnáttu. Skila skal möppu með vinnuteikningum og útreikningum á uppsettri voð.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Prufur og uppskriftir	Prufumappa með uppskriftum	20 %
Ofið stykki	Vefnaður og frágangur	70 %
Frammistaða á önn	Ástundun og vinnubrögð	5 %
Mætingar		5 %

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Vefnaður 403 (VEF403) Kennsluáætlun (Vor2010)	

Fjarvistir:

Fjarvistastig í þessum áfanga eru **hámark 9 stig eða 9 kennslustundir**. Ef að fjarvistir verða fleiri verða nemendur að leita til síns kennslustjóra og sækja um leyfi til áframhaldandi setu í áfanganum.

Vika	Námsefni
1.- 3.	Áfanginn kynntur og nemendur ákveða verkefni í samráði við kennara. Unnið að hugmynda- og skissuvinnu. Hugmyndir unnar í Weavepoint og hinir ýmsu bindimöguleikar kannaðir. Útreikningar á slöngu og byrjað að rekja í uppistöðu.
3.- 7.	Uppsetning í vefstól, sköft og skammel bundin upp með aðstoð kennara og byrjað að vefa.
7.-14.	Voðin ofin. Frágangur og möppuvinna

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU, ef að fellur niður tími af einhverjum ástæðum þá riðlast INNU vikurnar sem því nemur.

Tegund	Námsgögn
Bækur	Fagbækur, vefnaður, myndlist og textíll. Bindifræði Sigríðar Halldórsdóttur
Tímarit	Vefnaðartímarit

Mjög mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar

Sveina Björk Jóhannesdóttir
Netfang: sveina@vma.is
Ragnheiður Þórsdóttir
Netfang: ragga@vma.is

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils